

8. bekkur samfélagsgreinar kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Arnheiður Jónsdóttir

8

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Efla hæfni nemenda til að skilja veruleikann, umhverfið, samfélagið, sögu og menningu.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Um víða veröld - jörðin, lýðræði og tækni, ýmis myndbönd og þættir.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Verkefnavinna, kynningar, umræður og heimildaleit.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Lokaverkefni, kynningar og símat.

GF samfélagsgreinar 8. bekkur - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysagildrum í umhverfinu og náttúrunni.
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.
- Greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.
- Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.
- Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.
- Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.
- Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
- Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.
- Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.

GF samfélagsgreinar 8. bekkur - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.

GF samfélagsgreinar 8. bekkur - Félagshæfni - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.